

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 29. júní 2022:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um niðurfellingu gjaldtöku í bílastæðahúsum fyrir handhafa stæðiskort hreyfihamlaðra - US220148

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð beini því til bílastæðasjóðs að fella niður gjöld á handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra í bílastæðahúsum. Samkvæmt 87. grein umferðarlaga er handhafa stæðiskorts skv. 1. mgr. heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Markmiðið með þessari tillögu er að koma í veg fyrir að borgin sé að brjóta lög gagnvart hreyfihömluðum. Í núverandi gjaldskrá Bílastæðasjóðs segir að í bílastæðahúsum veiti stæðiskortin forgang til að leggja í sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða en greiða þurfi þó fyrir stæðið eins og önnur stæði í húsinu. Þarna er ekki farið eftir 87. grein umferðarlaga. Með samþykkt tillögunnar væri tryggt að réttindi hreyfihamlaðra séu virt.

Greinargerð:

Í dag veitir stæðiskort fyrir hreyfihamlaða handhafa þess heimild til að leggja í sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða og leggja án endurgjalds í gjaldskyld útisvæði. Það sama á ekki við í bílastæðahúsum þar sem greiða þarf jafn mikið fyrir öll stæði. Öryrkjabandalag Íslands bendir á að gjaldtaka í bílastæðahúsum sé ólöglegt samkvæmt 87. grein umferðarlaga.